

Sp.

59. Tillaga til þingsályktunar

[54. mál]

um tónmenntafræðslu í grunnskóla.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Friðjón Þórðarson, Tómas Árnason,
Sighvatur Björgvinsson, Jónas Árnason, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún hlutist til um að hafinn verði nú þegar af hálfu menntamálaráðuneytisins skipulegur undirbúningur að tónmenntafræðslu í formi námskeiða eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins þar sem engin slík fræðsla er veitt nú og verður ekki við komið með venjulegum lögboðnum hætti.

Áhersla verði lögð á að tengja starf tónlistarskóla, þar sem þeir eru fyrir hendi, við tónmenntafræðslu grunnskólanna.

Þá verði og tónmenntafræðsla felld, sem valgrein, inn í nám kennaraefna við Kennaraháskóla Íslands til viðbótar námskjarna.

Greinargerð.

Tillaga þessi kom fram seint á síðasta þingi og hlaut ekki afgreiðslu og er því endurflutt nú að mestu óbreytt, svo og greinargerð. Tölur frá s. l. vori eru látnar halda sér óbreyttar. Við könnun, sem þær voru byggðar á, kom í ljós, að af 225 grunnskólum á landinu eru rúmlega 60 skólar, sem ekki veita neina tónmenntafræðslu, og allmargir til viðbótar þar sem þessari fræðslu, þótt lögboðin kennslugrein sé, er meira og minna ábótavant. Langsamlega verst settir að þessu leyti eru þeir landshlutar, þar sem dreifbýli er mest og erfiðast um samgöngur. Þarf það ekki að koma á óvart. Af 29 skólum í fimm sýslum, Vestur-Barðastrandarsýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu, Austur-Húnavatnssýslu, Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu, veita 8 skólar einhverja tónlistarfræðslu, hinir 21 alls enga.

Hér kemur ýmislegt til. Fámenni í skólum dreifbýlisins gerir það að verkum, að ekki eru nándar nærri nóg verkefni í hverjum skóla til að fullnægja kennsluskyldu sérmenntaðs tónmenntakennara. Þar að auki er almennur skortur á slíkum kennurum. Síðan tónmenntakennaradeild Tónlistarskólans í Reykjavík tók til starfa árið 1959 hefur hún útskrifað um 70 kennara. Starfandi tónmenntakennarar við grunnskóla á landinu munu nú um 70—80 talsins, þar á meðal allmargir eldri kennarar, sem hlutu þjálfun við söngkennaradeild gamla kennaraskólans.

Það er því mikil þörf á að hlúa sérstaklega að þessum þætti kennaramenntunar í landinu, t. d. með þeim hætti, eins og tillaga þessi gerir ráð fyrir, að hún komi meira en nú er inn í hina almennu kennaramenntun í Kennaraháskóla Íslands. Nú fá kennaraefni tónlistarfræðslu í námskjarna, 2 vikustundir í eitt ár, og eiga auk þess kost á einhverju til viðbótar á 2. og 3. ári, þeir sem áhugasamastir eru. Væri hér um fastmótaða valgrein að ræða samkv. námsskrá, mundi það vafalaust laða mun fleiri nemendur að þessari grein og koma síðar til góða mörgum skólanum, sem nú veitir enga tónmenntafræðslu í einu eða öðru formi. Reyndin er líka sú, að hinir fáu sérmenntuðu kennarar, sem völ er á, leita fyrst og fremst inn í tónlistarskólana, þar sem kennslan er auðveldari og meira í samræmi við sérmenntun þeirra heldur en í grunnskólanum.

Vorið 1975 voru samþykkt á Alþingi lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Þar er kveðið svo á, að ríkið greiði launakostnað skólastjóra og kennara til hálfis á móti sveitarfélögum. Nemur framlag ríkisins á fjárlögum 1978 252,6 millj. kr. til tónlistarfræðslu utan grunnskólans, þ. e. til hinna ýmsu tónlistarskóla víðs vegar um landið. Hér er um mikilsverðan stuðning að ræða við tónlistarlíf í landinu. Má ætla, að almennt njóti grunnskólinn góðs af tilkomu tónlistarskólanna með sérmenntaða starfskrafta, sem þá nýtist jafnframt til kennslu í skyldunámi grunnskólans. Í sumum tilvikum hefur þó reyndin orðið sú, að hin lögboðna tónmenntafræðsla í almenna skólanum hefur hreinlega lagst niður með tilkomu sérstaks tónlistarskóla á viðkomandi stað. Sú öfugþróun er auðvitað óviðunandi. Því er í tillögunni bent sérstaklega á þetta atriði, að tengja verði saman starf grunnskóla og tónlistarskóla, enda í alla staði eðlilegt, þar sem hinir síðarnefndu eru nú samkvæmt lögum styrktir verulega af ríki og sveitarfélögum.

Með tilliti til þess, er að framan segir, er tímabært að yfirvöld fræðslumála geri hér skipulegar ráðstafanir og sinni þannig lögboðinni skyldu, sem í dag er vanrækt. Sýnist flutningsmönnum vænlegasta og sennilega eina færa leiðin — að svo stöddu — vera sú að stofna til tónmenntafræðslu í formi námskeiða og/eða farkennslu í þeim grunnskólum landsins, þar sem aðstæður eru þannig, að fræðsluskyldu í þessari námsgrein verður ekki sinnt með venjulegum hætti. Er þetta form raunar tíðkað

nú þegar sums staðar á landinu með góðum árangri, t. d. í Árnessýslu og Borgarfjarðarsýslu.

Auðvitað kemur hér til nokkur kostnaður, en þó líklega fyrst og fremst skipulagning, og á það ber að líta, að hver grunnskóli á lögboðinn rétt til þessa þáttar skyldunámsins sem annarra og ríkið sparar sér í rauninni — eins og nú er — launagreiðslur til tónmenntakennara í þeim 60—70 grunnskólum, sem enga slíka fræðslu veita í dag. Er því eðlilegt, að þeir fjármunir verði látnir renna til að bæta upp með einhverjum hætti það, sem þeir nemendur fara á mis við, er alls enga tónmenntakennslu fá á skyldunámsstiginu. Mætti jafnvel hugsa sér, að ein til tvær vandaðar tónlistarkynningar, þó ekki væri um neina frekari tónmenntafræðslu að ræða, gætu þarna komið til sem nokkur uppbót.

Sjálfsagt munu margir almennir kennarar við þessa afskiptu skóla hjálpa hér nokkuð upp á sakirnar með almennri söngiðkan nemenda, sem er vissulega mikils virði. En hætt er við, að það geti brugðist til beggja vona eftir áhuga og hæfni kennara á hverjum stað. Sannleikurinn er sá, að hér hefur orðið mikil afturför frá því er áður var, er almennur söngur nemenda þótti sjálfsagður þáttur í skólalífinu. Söngurinn er þagnaður og í fjöldamörgum skólum alger ördeyða að þessu leyti. Hér þarf að koma til skipuleg athugun fræðsluyfirvalda á tiltækum leiðum til úrbóta, sem tryggja það m. a. að fjöldi nemenda á grunnskólum landsins verði hér ekki algerlega afskiptir vegna búsetuástandna. Þótt naumt sé skammtað til tónmenntafræðslunnar, ein kennslustund á viku, felst þó í henni viðurkenning á því, að þekking og iðkun á tónlist skuli ekki teljast til munaðar og sérréttinda fárra útvaldra, heldur sem sjálfsagður hluti af menntun og menningarlífi almennings.